



SAMÞYKKT UM AFNÁM TEKJUTENGINGAR

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar ítrekar fyrri áskoranir á stjórnvöld um að afnema tekjutengingar í almannatryggingakerfinu vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Þær gríðarlegu tekjutengingar, sem eru á bilinu 45%-56%, eiga sér ekkert fordæmi í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Svo miklar og ósanngjarnar tekjutengingar draga úr vilja almennings til að greiða hluta af launum í lífeyrissjóði. Þær vinna gegn því mikilvæga markmiði að í framtíðinni fjármagni hver kynslóð sín eftirlaun með því að greiða í lífeyrissjóði meðan það er á vinnumarkaði.

Reykjavík, 18. maí 2018